

Bod Altemeyer: Gluggað í bók hans, Undirlægur, og skyld efni skoðuð

Authoritarians (<http://members.shaw.ca/jeanaltmeyer/drbob/TheAuthoritarians.pdf>)

Hin mikla ráðgáta um sálina hefur ævinlega verið, hvers vegna sumir velja alræði fremur en frelsi.

Trúlega mun það alltaf verða svo, að í umhverfinu leynast einstaklingar, sem þrá það eitt að verða einráðir. Sumir þeirra eru sauðheimskir, aðrir afar greindir. Margir þeirra eru viðhlæjendur, en þeir eru ekki „vinir,“ viðmótsþýðir og alþýðlegir. Innra með þeim eru hatursumbrot, sem leiðtogarnir geta auðveldlega leyst úr læðingi.

Rannsóknir hafa leitt í ljós, að undirlægjurnar lifa sínu skertari á hugsun en gengur og gerist, röksemdafærslur þeirra eru lausar í reipunum, viðhorf þeirra eru einstrengisleg, þær eru tvöfaldar í roðinu, tala tungum tveim, sýna yfirdrepsskap, sjálfsblindu, djúprætta þjóðernishyggju og til að bæta gráu ofan á svart; þær eru haldnar grimmilegu ofstæki, sem gerir það að verkum, að varla er unnt að ná til þeirra með rökum eða sönnunum.

Valdlægjusamfélagið verður til, þegar fylgjendur afsala of miklu til leiðtoga sinna, treysta þeim of mikið og gefa þeim of frjálssar hendur um hvaðeina, sem þeim þóknast. Oft og tíðum er það sitthvað ólýðræðislegt, ofríkislegt eða grimmilegt. Á síðustu öld stafaði lýðræðinu mestri ógn af einræðisríkjum byltingarmanna (kommúnista) eða fasista. Þau lutu þó í lægra haldi, bæði í stríðum heitum og köldum. En leiðtogadýrkunin er hvergi horfin.

Í árána rás hef ég komist að því, að valdsundirlægjurnar hafa alsælar látið sér lynda fjölmargar óréttmætar og ólögsmætar aðgerðir stjórnvalda í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Kanada. Viðhorf þeirra til ríkistjórna má orða sem „pabbi og mamma vita best.“

Undirlægjurnar eru óttaslegnar skræfur, sem ráðast til atlögu, þegar þær eru vissar um að yfirbuga andstæðinginn, sem þær telja sig siðferðilega hafna yfir. En óttinn getur hvort heldur sem er, örvað til undirlægjuháttar eða ýgi, árásar.

Andstæðingana telja undirlægjurnar til úthóps, sem þær hafa alls konar fordóma um. Fordómarnir búa í manngerð þeirra og geta færst yfir á hvaða úthóp sem er. Undirlægjurnar láta til skarar skríða, ef leiðtoga heldur yfir þeim hlífiskildi. Annars ekki, því þær eru gungur. En í valdlægjuhópum þvo leiðtogarnir venjulega hendur sínar af andstyggðarverkum fylgismanna sinna.

Undirlægjurnar tengjast innhópi sínum afar sterkum böndum. Ógn að utan þjappar hópnum saman. Efasemdir um leiðtogann eða viðhorf og reglur hópsins geta orðið afdrifaríkar. Hollusta við hópinn er megindyggð.

Undirlægjuháttur og bókstafstrú eru nánar hliðstæður. Bókstafstrúarmenn eru gjarnir á að fylla flokk undirlægjanna. Megineinkenni þeirra eru: Gefa sig auðveldlega undir vald, eru ýgir í nafni þess valds og svo auðmjúkir valdinu, að þeir telja blinda valdhlyðni dyggð. Ótti er auðvakinn með bókstafstrúarfólki, þeir eru sannfærðir um eigið ágæti og búa yfir hatri í garð úthópa. Það er auðvelt að leysa úr læðingi, þeir eru taumliprir, heldur frábitnir því, að hugsa sjálfstæða hugsun, skynsemi og staðreyndir hrinda þeir frá sér eins og vatni sé skvett á gæs. Þeir reiða sig á stuðning hópsins til að treysta skoðanir sínar. Þar eru þeir hollir liðsmenn, hugur þeirra er afgirtur og hólfaður, tvöfeldni er áberandi í dómum þeirra, stundum virðast grundvallarlögmál þeirra harla

götótt og þeir eru oft hræsnarar, sök bítur ekki á þeim. Bókstafstrúarmenn horfa á sjálfa sig blindu auga, fullur þjóðrembu og fordómum, skammsýnir og þröngsýnir. Þeir geta sýnt sorglegan þekkingarskort á því, sem þeir andæfa. En þeir kjósa heimskuna og vilja stuðla að samskonar heimsku hjá öðrum. Til mikillar furðu eru þeir einnig jafn vankunnandi og eign trúaratriði og sumir ala á ótta um gildi dýpstu sannfæringar sinnar. En allt um það eru þeir hamingjusamir og töluvert ötulir. Raunar eru þeir hér um bil þeirrar tegundar í BNA.

Milgram:

Rannsóknir [Stanley] Milgram [1933-1984] leiddu í ljós, að flestir á fullorðinsaldri voru tilbúnir til þess að valda saklausum fórnarlömbum óbærilegum sársauka, jafnvel þótt dauði þeirra væri yfirvofandi. Þessar rannsóknir, unnar við Yale háskólann í BNA, hafa verið endurteknar víðar þar í álfu, í Pýskalandi, Ítalíu, á Spáni, í Austurríki og Jórdaníu. Þátttak endur hafa komið úr röðum námsmanna og óbreyttra borgara. Það hefur engu skipt með tilliti til niðurstaðnanna, sem alls staðar eru þær sömu. (<http://members.shaw.ca/jeanaltemeyer/drbob/TheAuthoritarians.pdf>, bls. 226.)

Árið 1996 skrifar Bob Altemeyer:

„Ég held ekki, að fasískt einræði sé yfirvofandi. En við erum ekki vel varin gagnvart því. Og mér segir svo hugur, að hættan hafi aukist upp á síðkastið ... Ellefu árum síðar (2007) ... held ég, að atburðir eins og „9/11“ hafi feykt okkur að barmi glötunar. Valdógnin hefur aukist stöðugt og allir varnargarðar, sem ég eygði 1996 eins og árvökul og frjáls miðlun, hafa brostið, eru eyðilagðir. Valdægjan er að mínum dómi helsta áskorunin.“

<http://members.shaw.ca/jeanaltemeyer/drbob/TheAuthoritarians.pdf>, bls. 246

Social dominator

„Drottnurunum er það að skapi, að þú verðir afhuga stjórnámálum og finnur til vonleysis. Þú flækist fyrir þeim. Þeir óska þess, að lýðræðið líði undir lok, að frelsi þitt verði skert, að jafnræði verði upprætt. Þeir vilja stjórna öllu og öllum, þeir vilja gína yfir öllu. Og undirlægjurnar eru búnar til hergöngu í anda „hinna fornu trúarbragða“, til krossfarar, sem mun eiga sér stað, ef þú spyrnir ekki við fótum.“ <http://members.shaw.ca/jeanaltemeyer/drbob/TheAuthoritarians.pdf>, bls. 246

Gregersen, F. og Simo Köppe (ritstj.) Ide historie. Ideer og störminger í det 20. Århundrede. Bind II: Tekster. Amanda, Kaupmannahöfn 1994

Erklæring af menneskets og borgernes rettigheder, samþykkt af franska þjóðþinginu 16. Ágúst, var hluti af frönsku stjórnarskránni 1791.

1. Menneskene er født og forbliver frie og lige i deres rettigheder; sociale forskelle må kun begrundes i den almene nytte.
2. Formålet for enhver politisk sammenslutning er bevarelsen af de naturlige og uafhængelige menneskerettigheder; disse rettigheder er frihed, ejendom, sikkerhed og modstand mod undertrykkelse.
3. Kilden til al suverænitæt hviler i sit væsen i nationen. Ingen sammenslutning, intet individ, kan udøve autoritet der ikke udtrykkeligt udflyder fra denne.
4. Friheden består i at måtte gøre alt, der ikke skader næsten. Følgelig har udøvelsen af ethvert menneskets naturlige rettigheder som grænser kun de, der sikrer alle andre samfundsmedlemmer udøvelsen af de samme rettigheder. Disse grænser kan kun fastlægges af loven.
5. Loven har kun ret til at forbyde handlinger, der skader samfundet. Alt, der ikke er forbudt af loven, må ikke forhindres, og ingen må tvinges til at gøre, hvad denne ikke befaler.
6. Loven er almenviljens udtryk. Alle borgere har retten til, personligt eller gennem deres repræsentanter, at medvirke til dens udformning; den bør være den samme for alle, hvad enten den beskytter eller staffer. Idet de er lige for loven, bør alle borgere have samme adgang til alle æreshverv, offentlige embeder og stillinger, i henhold til deres evne og uden anden forskel end deres dyder og talents forskelle.
7. Intet menneske kan anklages, arresteres eller tilbageholdes, undtagen i de tilfælde loven bestemmer, og i henhold til den foreskrevne form. Enhver der beforder, udfærdiger, udfører eller lade udføre vilkårlige befalinger, bør staffers; men enhver borger, der på grundlag af loven indstævnes eller gribes, bør straks adlyde; han er hjemfalden til straf i tilfælde af modstand.
8. Loven bør kun indstifte de strengt og indlysende nødvendige straffe, og ingen kan staffers uden i kraft af en lov, der er indstiftet og promulgeret førend forrydelsen fandt sted, og som anvendes på lovelig vis.
9. Da ethvert menneske anses uskyldig, indtil han er erklæret skyldig, må – såfremt det anses for nødvendig at arrestere ham – enhver strenghed, der ikke er nødvendig for at sikre sig hans person, på det strengeste undertrykkes af loven.
10. Ingen må p.g.a. sine meinger, endog de religiøse, have grund til ængstelse, forudsat udøvelsen af dem ikke forstyrrer den af loven indstiftede offentlige orden.
11. Den frie udveksling af idéer og meinger er en af menneskets dyrebareste rettigheder. Derfor må enhver borger tale, skrive og trykke frit, undur forbehold af ansvarlighed for misbrug af denne frihed i de af loven bestemt tilfælde.
12. Sikringen af menneskets og borgernes friheder nødvendiggør en offentlig magt; denne magt er derfor indstiftet til alles fordel og ikke til særlig fordel for dem, den er betoet.
13. Til at underholde den offentlige magt og til administrationsudgifterne er et fælles bidrag uundværligt. Dette bør fordeles ligeligt på alle borgere i henhold til deres midler.

14. Enhver borger har ret til, selv eller gennem sine repræsentanter, at fastslå nødvendigheden af det offentlige bedrag, til frit at bifalde det, at overvåge det anvendelse, og bestemme dets omfang, påligning, indkrævningsform og varighed.

15. Samfundet har retten til at kræve regnskab over hans embedsførelse fra enhver offentlig myndighedsudøver.

16. Et samfund, hvori garantien af rettighederne ikke er sikret eller magtadskillelsen fastlagt, har ingen forfatning.

17. Da ejendommen er en hellig og ukrænkelig ret, må ingen berøves den, medmindre en lovlige fastslået offentlig nødvendighed indlysende kræver det, og under betingelse af en retfærdig og forudgående skadeserstatning.“ 6-7

## Neofascism

„... the „neofascists“ advocated militant nationalism and authoritarian values, opposed the liberal individualism of the Enlightenment, attacked Marxist and other left-wing ideologies, indulged in racist and xenophobic scapegoating, portrayed themselves as protectors of traditional national culture and religion, glorified violence and military heroism, and promoted populist right-wing economic programs.“

<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/202210/fascism/219394/Neofascism>

## **Stromberg, Roland N. European intellectual history since 1789. Prentice Hall, N.J. 1994**

„By comparison with Stalin and Hitler, Mussolini was a mild dictator, imprisoning a few and killing almost none. Nevertheless he invented the concept of the intolerant racial and national community, which had room for no minorities or dissenting intellectuals, and which controlled the press and education in order to stamp a single culture on everybody. In this way, he thought, Italy could overcome its weakness and regain its ancient glory.“ 198

„It must be admitted that dominant strains of thought in other countries, which could be called „fascist“ only with the loosest use of that elastic term, disparaged democracy.“ 199

-----

Croix-de-Feu/Cross of fire <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/143768/Croix-de-Feu>

Garda de Fier/Iron Guard <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/294454/Iron-Guard>

Parti Rexiste/The Rexist party <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/500726/Rexist-Party-of-Belgium>

„Fascism, political ideology and mass movement that dominated many parts of central, southern, and eastern Europe between 1919 and 1945 and that also had adherents in western Europe, the United States, South Africa, Japan, Latin America, and the Middle East. Europe's first fascist leader, Benito Mussolini, ....“ ...

„Although fascist parties and movements differed significantly from each other, they had many characteristics in common, including extreme militaristic nationalism, contempt for electoral democracy and political and cultural liberalism, a belief in natural social hierarchy and the rule of elites, and the desire to create a Volksgemeinschaft (German: „people's community“), in which individual interest would be subordinated to the good of the nation.“ ...

„Beginning in the late 1940s, however, many fascist-oriented parties and movements were founded in Europe as well as in Latin America and South Africa. Although some European „neofascist“ groups attracted large followings, especially in Italy and France, none were as influential as the major fascist parties of the interwar period.“ <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/202210/fascism/ref539415>

**Perry, Marvin. An intellectual history of modern Europe. Houghton Mifflin Company, N.J. 1993**

Georges Eugène Sorel (1847-1922), franskur heimspekingur, verkfræðingur, boðaði eignarhald verklýðsfélaga á atvinnutækjunum (syndicalism), aðdáandi fasisma Mussolinis.

„Sorel's pseudoreligious exaltation of violence and mass action – action of its own sake – his condemnation of liberal democracy and rationalism, his recognition of the power and political utility of irrational and fabricated myth, and his vision of a heroic morality emerging on the ruins of a dying shabby bourgeois world found concrete expression in the fascist movements after World War I. Indeed, he lived long enough to express admiration for Mussolini's „astonishing comprehension of the Italian masses“ and his „political genius.“ 310.

**Joseph Arthur Comte de Gobineau (1816-1882)**

Fransk skáld, stundum nefndur faðir kynþáttahyggju. „He organized the races in a hierarchy of ability and value, with the white race at the apex. The yellow race, he said, was concerned with material property and excelled in commerce, but it had little physical energy, was inclined to apathy, and lacked the imagination for theorizing. The black race had well-developed senses, especially taste and smell, but a weak intellect. The white race was fitted with energetic intelligence. White people possessed noble virtues – honor, spiritedness, a love of liberty – generally lacking in other races. They also had a monopoly of beauty and strength. ... The white race, particularly the Aryans, had created high civilization, but miscegenation had caused this civilization to decline.“ 363

„As a Europe-wide fascism was a response to a postwar society afflicted by spiritual disintegration, economic dislocation, political instability, and thwarted nationalist hopes. It was an expression of fear that the Bolshevik Revolution would spread westward. It was also

an expression of hostility to democratic values and a reaction to the failure of liberal institutions to solve crushing problems of modern industrial society. Regarding liberalism as bankrupt and parliamentary government as futile, many people yearned for a military dictatorship. To fascists and their sympathizers, democracy seemed an ineffective, spiritless, and decaying old order ready to be overthrown.“ 381

„In their struggle to bring down the liberal state, fascist leaders aroused primitive impulses and tribal loyalties and made use of myths and rituals to mobilize and manipulate the masses. With many liberal-rational certainties destroyed by the Great War [fyrra heimsstríð], people were receptive to irrational ideas.“ 381-382

### **José Ortega Y Gasset (1883-1955), spænskur heimspekingur og rithöfundur**

Revolt of the masses 1930.

„Ortega does not equate the masses with the working class and the elite with the nobility; it was an attitude of mind, not a class affiliation, that distinguished the „mass-man“ from the elite.

„Under fascism there appears for the first time in Europe a type of man who does not want to give reasons or to be right, but simply shows himself resolved to impose his opinions. This is the new thing; the right not to be reasonable, the „reason of unreason.“ Hence I see the most palpable manifestation of the new mentality of the masses, due to their having decided to rule society without the capacity to doing so.“ 429

### **Ernst Cassirer (1874-1945), þýskur heimspekingur af Gyðingaættum. The myth of the state 1946.**

„In all critical moments of man's social life, the rational forces that resist the rise of old mythical conceptions are no longer sure of themselves. In these moments the time of myth has come again. For myth has not been really vanquished and subjugated. It is always there, lurking in the dark and waiting for its hour and opportunity. This hour comes as soon as the other binding forces of man's social life ... lose their strength and are no longer able to combat the demonic mythical powers.“ 430

### **Ásgeir Guðmundsson. „Nazismi á Íslandi. Saga Þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks þjóðernissinna.“ Saga XIV (1976), bls. 5-68.**

1932 Jón H. Þorbergsson, bóndi Laxamýri, S-Þing, gefur út bækling: Þjóðstjórnarflokkur. Drög að stefnuskrá.

Þjóðernishreyfing Íslendinga stofnuð apríl 1933 (einnig umtöluð af félagsmönnum sem þjóðernisjafnaðarstefna = Nationalsozialismus, landsfundur 10. Mars 1934.

Sameinast 11-03

Flokki þjóðernissinna (nasistaflokknum) sem var stofn 2.jan. 1934, - Sjálfstæðismennirnir hverfa til síns heima, lést 1938/1939, fundahöld til 1944, ganga þá í Sjálfst.fl. – gefa út blaðið Ísland – einkunnarorð Íslandi allt – stefna að þjóðfylkingu 9. Nóv 1935 (degi Guttósl. 1932)

Félag þjóðernissinnaðra stúdenta við HÍ, tímaritið Mjöltnir.

Félag ungra þjóðernissinna 9. Sept. 1933 + landsmálafélagið Þórshamar.

Fánalið einkennisklætt (einnig aðrir flokkar nema Frams.)

Stefnuskrá Þjóðernishreyfingar Íslendinga stofn. April 1933.

„I. Ríkismál.

1. Vjer krefjumst, að ríkisvaldið vinni ávalt fyrst og fremst að verndun og efling sjálfstæðis íslenska ríkisins. 2. Vjer krefjumst öflugs ríkisvalds til þess að halda uppi friði og rjetti í landinu. 3. Vjer krefjumst, að stjórn málaflokkum og blöðum verði bannað að þiggja erlendan styrk til stjórn málastarfsemi. 4. Vjer krefjumst, að sambandinu við Dani verði slitið svo fljótt sem unt er og að þegar verði hafinn undirbúningur að sambands slitum.

II. Menningarmál.

5. Vjer krefjumst eflingar íslenskrar menningar á þjóðlegum grundvelli. 6. Vjer krefjumst, að námsgreinum við Háskóla vorn verði fjölgað hið fyrsta, einkum í hagnýtum fræðum, og að rannsakað verði sem fyrst alt, er lýtur að atvinnuvegum vorum. 7. Vjer krefjumst, að ríkið styrki unga mentamenn til náms við erlendis, einkum í þeim greinum, sem eigi eru kendar við Háskóla vorn og oss vanhagar um. 8. Vjer krefjumst, að í heilbrigðismálum sje þess framar öllu gætt, að kynstofninn spillist eigi af völdum arfgengra sjúkdóma. Heilbrigði þjóðarinnar sje vernduð og efld á grundvelli mannbótakynfræðinnar (Rassenhygiene, Eugenik). 9. Vjer krefjumst, að strangt eftirlit sje haft með næmum sjúkdómum, sem einkum eru hættulegir heilbrigði þjóðarinnar, svo sem berklaveiki og kynsjúkdómar.

III. Velferðarmál.

10. Vjer krefjumst, að þjóðarheill sitji ávalt í fyrirrúmi fyrir hagsmunum stjórn málaflokka og einstakra manna. 11. Vjer krefjumst, að unnið verði að auknum skilningi og samúð milli allra stjetta þjóðfélagsins meðal annars með því, að verkamenn fái hlutdeild í arði þeirra framleiðslu, er þeir vinna við. 12. Vjer krefjumst, að ríkið beiti sjer fyrir byggingu verkamannabústaða með hagkvæmum lánun og framlagi úr ríkissjóði. Verkamönnum sje gert kleift að eignast bústaðina. 13. Vjer krefjumst, að löggjöfinni sje hagað þannig, að atvinnuvegirnir geti blómgastr og veitt landsins börnum nóg brauð.

IV. Atvinnumál.

14. Vjer krefjumst afnáms ríkisrekstrar, þar sem hann brýtur í bága við framtak einstaklingsins eða þjóðarheill. 15. Vjer krefjumst, að ríkið beiti sjer af afefli fyrir því, að kjör sveitanna verði bætt, svo að stöðvist straumurinn úr sveitum landsins í bæina. 16. Vjer krefjumst, að ríkið beiti sjer fyrir því, að landbúnaður vor verði rekinn með nýtísku sniði og að leitað verði nýrra markaða fyrir afurðir hans erlendis. 17. Vjer krefjumst, að ríkið styðji innlendan iðnað og iðju með því að afnema framleiðslutolla og með því að leggja verndartolla á þær erlendar vörur, er framleiða má jafn ódýrar og góðar í landinu sjálfu og meðhagkvæmum lánveitingum til iðnaðar. 18. Vjer krefjumst, að efldar verði samgöngur bæði á sjó og landi og að Íslendingar taki á næstunni allar siglinar milli hafna og útlanda í sínar hendur. 19. Vjer krefjumst, að engir erlendir menn stundi atvinnu hjer á landi, nema um

sjerfræðinga sje að ræða, og þá því aðeins, að eigi sje vól jafn góðra innlendra. 20. Vjer krefjumst, að komið verði á þegnskylduvinnu hjer á landi.

V. Fjármál.

21. Vjer krefjumst, að ríkið gæti þess jafnan fyrst og fremst að búa skuldlaust. 22. Vjer krefjumst, að fjármál ríkisins sjeu rannsökuð nákvæmlega og að nákvæmt eftirlit sje haft með hag og stjórn bandanna og allra þeirra atvinnufyrirtækja, sem rekin eru eða rekin munu verða af ríkinu. 23. Vjer krefjumst, að skattaálögur sjeu ávalt miðaðar við gjaldþol þegnanna.“ 11-12

Þorsteinn Bernharðsson í Heimdalli, blaði ungra Sjálfstæðismanna í júní 1933:

„Nú vill svo til, að flestir sem ennþá fylla flokk Þjóðernissinna eru gamlir sjálfstæðismenn. Það eru áhugasamir ungir menn, sem hefir fundist of mikil deyfð í flokki sínum, til þess að þeir gætu starfað þar, og heldur kosið að stofna nýjan flokk á svipuðum grundvelli.“ 14

Morgunblaðið 2. Júní 1933 um Þjóðernishreyfinguna:

„Kommúnisminn rússneski, stjettahaturspólítík sosíaldemókrata og svikaflækja Hriflunganna [þ.e. stuðningsmanna Jónasar frá Hriflu, Framsóknarflokki] eru sjúkdómar, sem þjád hafa þjóðina á undanförunum árum.

Allir hafa sjúkdómar þessir beinst með mestri áfergju að æskulýðnum og hinni uppvaxandi kynslóð. Sýkt æska er sama og dauðvona þjóðfjelag. Það hafa þeir vitað, sem mesta hafa stutt að útbreiðslu kommúnismans, með kenslustarfsemi, blaðaútgáfu, stjettabaráttu, með því að grafa undan heilbrigðu framleiðslu- og viðskiftalífi.

Æska landsins og hin uppvaxandi kynslóð hefir tekið hinni vankandi þjóðernishreyfingu með mesta fögnuði ...

En hvernig svo sem starfsemi íslenskra þjóðernissinna veður hátt í framtíðinni ... þá er eitt víst, að þjóðernishreyfing Íslendinga, sú hreyfing, sem að því miðar að verjast kommúnistiskum sjúkdómum og erlendum niðurdrepsáhrifum, er sprottin úr alíslenskur jarðvegi – af innlendri nauðsyn.“

Í íslenskri endurreisn, málgagni Þjóðernishreyfingarinnar 11. Maí 1933:

„Af hálfu Sjálfstæðisflokksins hefir Þjóðernishreyfingin fengið yfirleitt vingjarnlegar viðtökur. Það er samt ástæða til þess að vera við þeim misskilningi, er sumstaðar hefir gætt: að Þjóðernishreyfingin sje aðeins afsprengi Sjálfstæðisflokksins, því að svo er ekki. Að vísu er stefnumunur milli okkar Þjóðernissinna og Sjálfstæðisflokksins ekki verulegur, en við krefjumst, að stefnunni sje fylgt fram hik- og hálfvelgjulaust. Vilji Sjálfstæðisflokkurinn útrýma þeim óheillaöflum, sem undanfarin ár hafa leitt þjóðina á glötunarbarminn, þá verður hann að berjast gegn þeim með meira krafti en hann hefir gert hingað til.“ 19

Sveinn Jónsson í Þórshamri 19. Jan. 1934:

„Takmark flokksins er: Sigur Þjóðernisjafnaðarstefnunnar á Íslandi 1943. – Þ.H.Í. er stofnað 1933. – ... Við skorðum á alla þá menn, sem vilja gera Ísland að landi, þar sem enginn



stéttamunur og þar af leiðandi engin stéttabarátta er til, að fylkja sér undir merki Þ.H.Í. Við berjumst fyrir hagsmunum allra stétta, fyrir frelsi, vinnu og brauði handa öllum.“ 22

Í málgagninu Endureisn 11. Maí 1933.

„Þjóðernishreyfing Íslendinga er af alíslenskum rótum runnin og á alls engin mök við nokkrar erlendar stefnur eða flokka. Ef svo væri ekki, þá bæri hún heldur ekki nafn sitt með rjettu.“

Ísland – málgang Flokks þjóðernissinna 23. Maí 1934. Markmið:

„Vér viljum afnema stéttabaráttuna og reisa á Íslandi samstarfandi og frjálst þjóðfélag.

Framtíðarlíf þjóðarinnar skal byggt á fortíðarreynslu hennar, á samstarfi allra stétta, á fullkomnum friði, bæði innanlands og við aðrar þjóðir, á réttlæti handa hverjum einasta Íslending, á frelsi einstaklingsins til þess að ná sem mestum þroska, bæði andlega og líkamlega.

Vér viljum vekja trúna á landið, vér viljum í sameiningu leita gæða þess, í sameinu vinna þau, í sameiningu njóta þeirra.

Vér viljum hagnýta okkur þekkingu og reynslu mannkynsins á hverjum tíma til þess að létta lífsbáttu þeirra, sem Ísland byggja.

Vér viljum lifa í okkar eigin landi, frjálssir og óháðir öllum. Vér viljum vekja trú þjóðarinnar á hennar eign mátt og megin og auka menningu hennar og þroska, skapa henni verðugan sess meðal annara þjóða.

Vér viljum vekja trúna á lífið – trúna á hið góða í manninum, á þróun lífsins að hinu æðsta marki, fullkomnum friði og bræðralagi, bæði einstaklinga og þjóða.

Réttlæti – frelsi – friður eru kjörorð vor. Í þessum kjörorðum er markmið þjóðernissinna falið. Undir þeim og tákni afls hinnar sameinuðu þjóðar – Þórshamrinum – leggjum við í báttuna fyrir sigri hins besta málstaðar.“ 36

Stefnuskrá Flokks þjóðernissinna:

„1. Vér viljum vernda íslenskt þjóðerni, meðal annars með róttækum ráðstöfunum gegn kynblöndun og úrkynjun. Jafnfram verði tekin til rækilegrar athugunar dvöl útlendinga á Íslandi og innflutningur þeirra þegar stöðvaður, nema þegar sérstaklega stendur á, svo sem um sérfræðinga, er vér sjálfir eigum ekki vöð á. 2. Vér krefjumst samstarfs allra Íslendinga í þágu þjóðarheildarinnar. 3. Vér berjumst fyrir stjórnarfarslegum, fjárhagslegu og menningarlegu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, þannig að hún megi verða það, sem hún áður var, frjóavasti reitur norrænnar menningar. 4. Vér krefjumst þess, að hagsmunir heildarinnar sitji ávallt í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra stétta og manna. 5. Vér viljum, að ríkið hafi forgöngu í því að skapa og styrkja nýja atvinnuöguleika og álíti það skyldu sína, að öllum þegnum þess verði séð fyrir vinnu og viðunandi lífskjörum. 6. Vér viljum, að ríkið hafi eftirlit með atvinnurekstrinum, sérstaklega þeim, sem rekinn er með lánsfé hins opinbera; einnig krefjumst vér fyllstu ábyrgðartilfinningar og þjóðhollustu af öllum, er fyrir einkarekstri standa. 7. Vér viljum, að erfðavenjum bændastéttarinnar sé í heiðri haldið, þannig að hún geti um ókomna tíma verið orkugjafi íslensku þjóðarinnar, svo sem hefir reynst frá upphafi.

Jarðirnar skal vernda gegn niðurníðslu, veðflækjum og braski, þannig að þær geti haldist í eign frjálsra bænda sem ættaróðul, því að vér álitum, að fjölmenn og dugandi bændastétt, dreyfð um landið allt, sé besta tryggingin fyrir andlegri og efnalegri velferð þjóðar og ríkis. 8. Vér viljum, að reyndir og sérfróðir menn hafi stjórn atvinnuveganna með höndum. 9. Vér viljum, að stofnuð séu samfélög atvinnurekenda og verkamanna, sem tryggi friðsamlega samvinnu þeirra, þannig að þeir í fullri eindrægni og gagnkvæmum skilningi á sameiginlegum hlutverkum, skyldum og göfgistara síns, vinni sem einn maður í þágu heildarinnar. Ennfremur viljum vér, að sérhverjum verkamanni verði tryggð sambærileg lífskjör við aðra þegna þjóðfélagsins, og að hann fái hlutdeild í arði fyrirtækjanna, þar sem því verður við komið. 10. Vér viljum, að tekju- og verðmætaöflun, sem ekki byggist á starfi, verði útilokuð, að vaxtaokur verði afnumið og komið í veg fyrir gengis- og verðsveiflur og að gjaldmiðill vor hvíli á framleiðslu og verðmætum landsins sjálfs. 11. Vér viljum, að komið verði á almenntri, skipulagðri þegnskylduvinnu í þágu þjóðarheildarinnar, og verði hún jafnframt uppeldis- og íþróttaskóli fyrir hina vinnandi æsku. 12. Vér viljum auka siðferðis- og ábyrgðartilfinningu hjá æskunni og gefa henni aukin tækifæri til menntunar, íþróttaiðkana og holls líferniss. 13. Vér viljum, að fyllsta réttlætis sé gætt í framkvæma laganna, og að strangt sé tekið á afbrotum embættismanna þjóðfélagsins. 14. Vér viljum, að einstaklingar úr hvaða stétt þjóðfélagsins sem er, fái tækifæri til þess að njóta hæfileika sinna, og til þess að það megi verða, viljum vér: A. Að ríkið kosti fátæka hæfileikamenn til náms. B. Að veitt sé í stöður fyrst og fremst eftir hæfileikum og þekkingu. C. Að enginn maður hafi meira en eitt fulllaunað embætti í þágu hins opinbera. 15. Vér viljum vernda og efla heilbrigt trúarlíf með þjóðinni. 16. Til þess að framkvæma þetta markmið vort, krefjumst vér öflugra ríkisvalds, sem hafi fullkomna yfirsýn og óskorað vald yfir öllum málefnum þjóðarinnar, og sem grundvallist á vilja meginhluta hennar.“ 37-37

Jón Aðils yngri 31. Jan. 1936 í Íslandi:

„Vér viljum vernda þjóðerni það, sem hér býr, inna á við með ítarlegum ráðstöfunum til að hefta það, að aumingjar og vitfirringar og aðrir stórgallaðir menn auki kyn sitt og spilli stofninum ... og út á við með því að stemma stigu fyrir, að útlendingar, og þá helst menn af ólíkum kynþáttum setjist hér að.“ 39

22. feb. 1936 í Íslandi. Helgi S. Jónsson lýsir draumaríkinu, „hinu samvirka þjóðríki þjóðernisjafnaðarstefnunnar.“

„Hin mikla hugsjón vor Þjóðernissinna er að skapa hið samvirka þjóðríki friðar og réttlætis, þar sem engar innbyrðis deilur eru til, þar sem þjóðin stendur sem einn maður sameinuð um hag sinn og velmegun. Í slíku ríki eru útilokaðir allir bitlingar og hlutdrægni, þar sem stjórnin ber ætíð velferð alþjóðar fyrir brjósti og þar sem alþjóð er henni fylgjandi. Í slíku ríki fær framtak einstaklingsins að njóta sín, en þó aldrei þannig, að það nái að skapa hag heildarinnar, sem er fyrst og fremst fyrir brjósti borin ... þá verða innlendir vísindamenn látnir rannsaka möguleika þá, sem land vort hefur að geyma ... í hinu samvirka þjóðríki verður vakað yfir líffi hvers einstaklings og velferð hans ... þá verður ekki hinn ungi iðnaður landsmanna kúgaður með innflutningshöftum og hers kyns ranglæti ... Í þegnskylduvinnu hins samvirka þjóðríkis kynnast ungir menn af öllu landinu. Þar lærir æskan að vinna fósturjörðinni gagn ... Í hinu samvirka þjóðríki veður sjómönnum veitt fyllsta öryggi ... Þá verða bændur landsins, kjarni þjóðarinnar, aftur sjálfstæðir, leystir af skuldaklafanum ... Þá verður verzunarstéttin ekki ofsótt lengur, heldur fær hún frið til að lifa og starfa ... Þá verða lögin ekki lengur verndarvængur glæpamanna, heldur geta allir landsmenn leitað á náðir þeirra og verður rétt úr málum allra skorið ... Og þegar dagur hins samvirka þjóðríkis rennur upp yfir föðurlangi voru,

hafa ekki einungis þeir draumar rætt, sem í fyrstu urðu til hér hjá nokkrum ungum umkomulitlum mönnum, og sem þeir helguð líf sitt og starf, heldur hefur þá einnig rætt draumur allrar þjóðarinnar um nýtt og betra þjóskiplag, hinn duldi draumur um einingu, frið, vinnu og frelsi.“ 44-45.

Birgir Kjaran í Mjólni, málgagni þjóðernissinnaðra stúdenta við HÍ. Okt/nov 1935:

„Fjölnismenn eru löngu horfnir, en staf þeirra lifir. Þær tilfinningar, sem þeir vöktu hjá þjóðinni, hafa aldrei kulnað út með öllu. Við minnumst bezt aldarafmælis barátturits þeirra, Fjölnis, með því að dusta úr okkur drungann og ganga í raðir þjóðernissinna, sem munu ljúka því verki, sem Fjölnismenn hófu, að gera Ísland að farsælda fróni.“ 45

18. júlí 1936 Jón Þ. Árnason, formaður Félags ungra þjóðernissinna í Íslandi:

„Við íslenskir þjóðernissinnar getum hvar sem er, hvenær sem er, og hvernig sem á stendur, viðurkennt Þýzkaland sem þann vettvang, sem við sækjum fyrirmyndir okkar á, en á hinn bóginn neitum við því harðlega, ef einhverjum skyldi detta í hug að halda því fram, aða við sækjum þangað fyrir mæli. Við dáum forystumenn þýzku þjóðarinnar og óskum þess af heilum huga, að okkar þjóð, íslenska þjóðin, megi verða svo gæfusöm að eignast nokkra slíka, það er allt og sumt.“ 46

„Erfitt er að gefa viðhlítandi skýringu á því, að Flokkur þjóðernissinna hlaut jafn lítið fylgi og raun bara vitni, en þó má benda á, að flokkurinn var að því leyti ólíkur öðrum nazistaflokkum, að hann skorti óumdeildan foringja. Þau fimm ár, sem hann starfaði, gegndu fjórir menn starfi flokksformanns. Sennilega hefur það átt sinn þátt í, hve flokknum varð lítið ágengt, að hann hafði ekki yfir að ráða forystumönnum, sem höfðu til að bera persónutöfra og gátu náð til fjöldans. Ein skýring á fylgisleysi flokksins er sú, að honum tókst ekki að vinna kjósendur frá Sjálfstæðisflokknum, en helzt var við því að búast, að þjóðernissinnar fengju fylgi þaðan. Athyglisvert er, að þeir kenndu jafnan Sjálfstæðisflokknum um, hve lítið fylgi flokkurinn fékk.

Því hefur oft verið haldi fram, að félagar í Flokki þjóðernissinna hafi nær eingöngu komið frá efnuðum heimilum á þeirra tíma mælikvarða. Þetta er ekki allskostar rétt. Að vísu kom allstór hópur flokksfélaga úrslíku umhverfi, en auk þess voru í flokknum iðnnemar verzlunarmenn, iðnaðarmenn, sjómenn og verkamenn. Þá má benda á, að sjálfir lýstu þjóðernissinnar sér sem „nokkrum ungum umkomulitlum mönnum“. Að öllu samanlögðu virðist mega draga þá ályktun að allmargir þjóðernissinnar hafi verið ungir og efnalitlir menn, sem höfðu margir hverjir lítillar skólagöngu notið. Þeir voru áánægðir með hlutskipti sitt í lífinu og mótmæli þerra komu fram í því, að þeir gengu í flokk þjóðernissinna og vildu rífa til grunna ríkjandi þjóðskipulag og reisa á rústum þess nýtt og betra þjóðfélag. En það var ekki eingöngu óánægja, sem olli því, að menn gengu í flokkinn, heldur líka aðdáun á Adolf Hitler og þýzka nazismanum. Ýmsir trúðu því í einlægni, að nazisminn væri lausn á vandamálum mannkynsins og væri það, sem koma skyldi.“ 60-61

Ingi Sigurðsson. Áhrif hugmyndafræði Grundtvigs á Íslendinga. Ritmennt 9: Ársrit Landsbókasafn Íslands. Rvk. 2004, bls. 59-94.

„Þegar á heildina er litið, hljóta áhrif hugmyndafræði Grundtvigs – bein áhrif Grundtvigs og áhrif lýðháskólahreyfingarinnar dönsku og norsku - á Íslendinga að teljast býsna mikilvæg. Þessara áhrifa hefur gætt að ákveðnu marki til þessa dags, en mest voru þau á þeim fyrstu áratugum 20. Aldar.

Ekki er sýnilegt, að trúmálakenningar Grundtvigs hafi komið mikið til umræðu meðal Íslendinga eða að þær hafi haft mikil áhrif, þótt landsmenn hafi verið þeim vel kunnugir. Hins vegar voru áhrifin mjög þýðingarmikil á ýmsum öðrum sviðum.

Danska lýðháskólahreyfingin, sem mótaðist mjög af kenningum Grundtvigs, hafði mikil áhrif meðal Íslendinga, bæði hvað það snertir, að stofnaðir voru skólar, sem beinlínis höfðu lýðháskólana dönsku að fyrirmynd, og hvað varðar starf annarra skóla, svo sem bændaskóla, héraðsskóla og húsmæðraskóla, sem voru undir áhrifum frá lýðháskólahreyfingunni.

Ungmennafélagshreyfingin íslenska ber sterkt svipmót, bæði hvað varðar lög og stefnumál, sem ekki voru bundin í lög, af norsku ungmennafélagshreyfingunni, sem fyrir sitt leyti var undir sterkum áhrifum frá Grundtvig, auk þess sem bein áhrifa frá dönsku lýðháskólahreyfingunni gætti í íslensku ungmennafélagshreyfingunni.

Grundvig og danska lýðháskólahreyfingin höfðu á ýmsa lund áhrif á söguskoðun og þjóðernishyggju Íslendinga. Má þar nefna tilfinningaþrungna tjáningu og áherzlu á ættjarðarást í ritum um sögu Íslands, svo og tilkomu móðurmálskennslu með þjóðernissinnuðum blæ. Menn, sem höfðu sótt margt til hugmyndafræði dönsku lýðháskólahreyfingarinnar, svo sem Bogi Th. Melsteð og Jón J. Aðils, höfðu mikil áhrif í þessum efnum. Talsverð áherzlabreyting varð í umrædda átt um og upp úr aldamótunum 1900.“ 90

DK: fyrstu lýðháskólinn í Rödding í Norður Slésvík 1844/1869 í Askov 64

„Í flestum lýðháskólum voru kjarnagreinar danska, bókmenntasaga, sag Danmerkur og veraldarsaga, auk þess sem áherzla var lögð á söng og íþróttir. Í fyrirlestrum var mjög skírskotað til þjóðernistilfinningar.“ 65

1.lýðhásk. í N 1864 65

„Guðmundur Hjaltason (1853-1919) mun hafa verið fyrsti Íslendingurinn, sem gekk í lýðháskóla. Hann stundaði nám í Vonheim í Noregi 1875-1877 og í Askov 1877-1879.

„Um aldamótin komust lýðháskólar í miklu meira í brennidepil meðal Íslendinga en áður hafði verið.“ 66 (Jón Aðil og Bogi Melsteð +++, Sigurður Þórólfsson frá Askov, lýðhsk í rvk 1902-1904, síðan Hvítárþakka 1905-1920

Núppsskóli 1907 – svo lýðskólabragur á Alþýðuskólanm á Laugum 1924 og Eiðum 1919

Fræðslulög 1907 – lög um gagnfræðaskóla 1930 – héðraðsskóla 1929 – landspróf miðskóla 1946

Ungmennafélög í N eftir miðja 19. Öld – glaðan kristindóm – nátengd lýhaskólum – 70

1896 landssamtök ungmennafélaga í N – dönsku enn þá tengdari 71

1. ungm.f. DK 1879 – Danske ungdomsforeningar 1903 – st. Ungm.f. Ak. 1906 – ungm.f. Ís. 1907 72

Nors, + ísl. Mikil áhersla á hið þjóðlega 74

Sambandslög UMFÍ 1908 2. Grein: (úr): „Að reyna af fremsta megni að styðja, viðhalda og efla allt það, sem þjóðlegt er og alíslenskt, svo framt að það horfir til gagn og sóma íslensku þjóðinni. Sérstaklega skal leggja stund á að fegra og hreinsa móðurmálið.“ 75

„Bindindisþátturinn í starfi íslensku ungmennafélagshreyfinganna á sér ekki að öllu leyti hliðstæðu í starfi norsku félaganna. Í þessu viðfangi hafði starf sérstakra bindindisfélaga mikið að segja bæði á Íslandi og í Noregi; áhrif þeirra á ungmennafélagshreyfinguna eru mjög mikilvæg. Munur fólst í því, að í lögum norskra ungmennafélaga var yfirleitt ekki um bindindisheit að ræða, en félögin störfuðu hins vegar mikið að bindindismálum. Boðun bindindis var ekki grundvallarþáttur í starfi lýðhaskólanna, þótt þar væri lögð áherzla á reglusemi.“ 78

Dagrenning Jóns Aðils tileinkuð ungmennafélögum Ísl. 1910 bls. 87

„En að svo miklu leyti sem um áhrif rómantísku stefnunnar á sagnaritum Íslendinga á fyrstu áratugum 20. aldar er að ræða, má fullyrða, að Grundvig og danskir lýðhaskólamenn hafi átt mikinn þátt í að miðla þeim til landsmanna og að þau birtust hérlendis í hinni tilfinningaþrungnu sagnaritun á fyrstu áratugum 20. aldar.“ 88

### **Þórir Óskarsson. Raunsæi og nýrómantík íslenskra bókmennta 1882-1918. Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason (ritstj.). Saga Íslands X. (Rvk. 2009, Hib.), 315-462.**

„Um bókmenntasöguhugtakið nýrómantík gildir sama og um hugtakið raunsæi að það vísar ekki til einnar fastmótaðrar skáldskaparstefnu. Miklu fremur bendir það til nokkurra eðlisskylda en samt sundurleitra hneigða eða hreyfinga norrænum bókmenntum árána 1890-1920. Eins og heitið nýrómatík gefur til kynna eiga þær ýmislegt sameiginlegt með upprunalegri rómantík 19. aldar, enda þótti mörgum sem um nokkurs konar endurvakningu hennar væri að ræða. Skýrast birtist sá skyldleiki í andófi nýrómantískra skálda gegn meginviðhorfi raunsæismanna að einblína á gráan, hlutbundinn hversdagsleikann og vandamál samtímans. Þá gáfu fæstir þeirra sig að þjóðfélagsmálefnum, stjórnámum, framkvæmdum eða atvinnuþróun.“ 376

„Í norrænum bókmenntasögum er hugtakið raunsæi iðulega notað sem hálfgerð samheiti nokkurra eðlisskyldra bókmenntastrauma á síða hluta 19. Aldar þar sem höfundar beindu sjónum sínum fyrst og fremst að áþreifanlegum veruleika almennings og reyndu hvorki eða fegra hann eða stílfæra né sjá í honum birtingarmynd einhvers æðri veruleika. Að þessu leyti myndaði raunsæisstefnan skýra andstæðu við hughyggju og fegurðardýrkun hreyfinganna sem fóru á undan og eftir, rómantíkur og nýrómatíkur, og áhersluna sem þar var lögð á fjarlægð í tíma og rúmi og einstaklingsbundna skynjun þess sem stendur utan samfélagsins. Innan stefnunnar má greina tvo meginstrauma eða þróunarstig: Gagnrýnið raunsæi og natúralisma.

Með fyrrnefnda straumnum er sérstaklega vísað til bókmennta sem tóku mið af skrifum og fyrirlestrum Georges Brandes um rétt frjálsra rannsókna og kröfum hans um að skáld taki brýn, félagslega vandamál líðandi stundar til umræðu á gagnrýninn hátt. Með síðastnefnda straumnum er á hinn bóginn skírskotað til bókmennta sem mótuðust af hugmynd franskra rithöfunda, ekki síst Emiles Zola, um að skáld tækju raunvísindalegar aðferðir samtímans til fyrirmyndar við samningu verka sinna, gerðu þau að nákvæmum greiningum eða jafnvel tilraunum á því hvernig erfiðir, umhverfi, tíðarandi og venjur móti fólk og valdi því að það bregst á tiltekinn hátt við aðstæðum, atburðum og öðru fólki. Skapandi ímyndunarafl höfunda væri því óþarfi.“ 333

(Hannes Hafstein: Um Georg Brandes. Heimdallur; 3.tbl. 1884, 34) „Georg Brandes er sá maður, sem Norðurlönd fyrst og fremst eiga að þakka þá andlegu hreifingu, sem gengið hefur yfir þau síðan umárið 1870. Flestallir hinir yngri og betri rífhöfundar Norðurlanda eiga honum meira og minna upp að unna; hann hefur haldið upp fána frjálsrar hugsunar og frjálsrar rannsóknar; og fremstur í flokki reynt að veita hinum miklu, andlegu straumum álfunnar inn á land sitt, og setja það í samband við hinar alþjóðlegu menntir.“

„Náttúru- og ættjarðarljóð Bjarna Thorarensen (1786-1841) frá fyrsta áratugi 19. Aldar hafa jafnan verið talin fyrsta ótvíræða vísbendingin um áhrif rómantísku stefnunnar á íslenskar bókmenntir.“ 377

Rómantíska tímabilinu má skipta „í fjögur smærri skeið: 1. Rómantík (1807-35), 2. Þjóðernisrómantík og skáldlegt innsæi (1835-43), 3. Rómantismi (1843-1848), 4. Þjóðfélagsleg virkni og (gagnrýnin) hughyggja (1848-82).

Eins og allar bókmenntasögulegar flokkanir felur þessi tímabilaskipting í sér vissar alhæfingar. Af þeim sökum er eðlilegra að taka hana fremur sem vísbendingu um það hvenær tiltekna hneigðir fóru að gera vart við sig í íslenskum skáldskap en staðhæfingu um einhver gagnger umskipti eða straumhvörf í menningunni.“ 381